

## Foreldrafélag Hvolsskóla

Á vettvangi Foreldrafélags Hvolsskóla geta foreldrar komið á framfæri áherslumálum gagnvart skólustarfinu eða öðrum þáttum sem varða velferð og umhverfi barnanna. Foreldraráð skipar tvo fulltrúa í skólaráð Hvolsskóla og einn áheyrnafulltrúa í fjölskyldunefnd Rangárþings Eystra. Í stjórn félagsins eru fimm foreldrar, kjörnir á aðalfundi félagsins sem haldið er ár hvert. Með stjórn foreldrafélagsins starfa svokallaðir bekkjartenglar.

### Verkefni foreldraráðs

Félagið stendur reglulega fyrir viðburðum í eða í tengslum við skólann. Viðburðir sem foreldrafélagið heldur utan um eða kemur að eru eftirfarandi:

- Heldur aðalfundur í byrjun september
- Styrkir bekkjarkvöld sem bekkjartenglar bera þungan af að skipuleggja
- Stendur fyrir jólaföndri í lok nóvember
- Færir skólabílstjórum og starfsfólki skólans jólaglaðning
- Gefur verðlaun á öskudaginn – ein verðlaun á hvert stig
- Heldur vorhátíð skólans í samstarfi við skólayfirvöld
- Gefur útskriftarárgangi útskriftargjöf
- Ýmsar gjafir yfir skólaárið m.a. viðurkenningu fyrir háttþíði, ástundun og framfarir í námi á hvert skólastig á skólaslitum
- Kemur að fyrirlestrahaldi sem skólinn heldur í samvinnu við íþróttafélög o.fl.
- Hefur gefið skólanum gjafir á nánast hverju ári sem nýtist skólustarfinu eða í tengslum við það

### Bekkjartenglar og hlutverk þeirra

Bekkjartenglar eru tengiliðir foreldra í hverjum bekk við stjórn foreldrafélagsins. Foreldra þriggja barna í hverjum bekk eru bekkjartenglar. Samtals eru því foreldrar 30 barna bekkjartenglar á hverjum tíma. Í upphafi hvers skólaárs gefur stjórn félagsins út lista yfir bekkjartengla viðkomandi skólaárs. Val bekkjartengla fer eftir stafrófsröð barna í bekknum (í 1. bekk eru foreldrar fyrstu þriggja barna í stafrófinu 2. bekk næstu þriggja o.s.frv.). Bekkjartenglar sjá um bekkjarkvöld. Bekkjarkvöld eru haldin, tvisvar yfir veturinn, einu sinni á önn, en þessi kvöld er samverustund foreldra, barna og umsjónakennara. Þá aðstoða bekkjartenglar við jólaföndur og vorhátíð skólans. Stjórn félagsins fundar með bekkjartenglum í upphafi hvers skólaárs og reynir að halda virkum tengslum við bekkjartengla s.s. í gegnum fb hóp bekkjartengla.